

Unaós-Heyskálar

Skoðun umsjónarmanns í júní 2019

Vatnsból bæjarins og vatnslögn er líklega ónýt eða þarfnast mikilla endurbóta. Nánast ekkert rennsli nema ryðrauð í dropatali og þrýstingur því heldur ekki nægur til að bæta á lekt lokaða kyndikerfi hússins.

Íbúðarhúsið er nokkuð setið af ýmsu dóti og rusli, skemma sem stendur næst íbúðarhúsi er einnig full af drasli. Óljóst er um stöðu fráveitu. Lagnir innanhúss þarfnast skoðunar. Þak er komið á viðhald og þakkantur. Fáeina glugga hefur verið skipt um, rest er komin á tíma.

Hlaða er hálf full af gömlu heyi og hurðir á henni þannig að ekki verður um þær gengið án verulegra lagfæringa.

Vélageymsla er í slöku ástandi og báðar hurðir mjög lélegar eða ónýtar, bæði gönguhurð á langhlið og fellihurð á gafl. Í þessari skemmu eru margir stórsekkir af timburkurli úr fjárhúsgólfum auk annars rusls.

Fjánhús eru í slöku ástandi, gólf og garðar þarfnast úrbóta og hurðir á húsunum eru mjög lélegar eða ónýtar og hafa verið skrúfaðar fastar. Haughúsin undir grindum er hálf full og hurðirnar á þeim ónýtar.

Allar girðingar á jörðinni má telja lélegar og tún eru komin í órækt eftir þrjú sumur án nytja.

Mikið ber á ágangi manna á vélknúnum ökutækjum beggja megin fljóts, þ.e.a.s eftir nýlagðri túristabjörgunarbraut Fljótsdalshéraðs út á Höfða og Stapavík annars vegar og hins vegar norðan fljóts í Heyskálalandi um algjöra vegleysu og votlendi.